

uðum þessum og að hafa falsað ávísanir þær, sem þegar eru komnar fram, ásamt ýmsum fleiri, sem ekki eru komnar fram.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi, og þykir því nauðsynlegt með hliðsjón af framansögðu og tilvísun til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga 73/1973 að úrskurða ákærða í gæsluvarðhald, á meðan rannsókn er ekki lokið, enda eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar ákvörðun þessari ekki til fyrirstöðu, þar sem brot kærða gæti varðað hann fangelsisrefsingu eftir 155. gr. alm. hegningarlaga 19/1940.

Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 20 dögum.

Úrskurðarorð:

Kærði, Jóhann Jóhannsson, sæti gæsluvarðhaldi í allt að 20 dögum.

Mánudaginn 25. febrúar 1974.

Nr. 44/1972: Félag löggiltra rafverktaka í Reykjavík

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)

gegn

Páli J. Pálssyni

(Gylfi Thorlacius hdl.).

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús P. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson.

Félagsréttindi. Brottvikning úr félagi dæmd ógild.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 22. mars 1972. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann sýknu af kröfum stefnda. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

I.

Áfrýjandi reisir kröfu sína um ómerkingu hins áfrýjaða dóms á því, að skylt hafi verið að leggja ágreiningsefni málsaðilja undir úrskurð stjórnar Vinnuveitendasambands Íslands samkvæmt 1. lið 9. gr. laga þeirra samtaka, sbr. enn fremur 7. gr. laga Félags löggiltra rafverktaka. Er leitt í ljós, að Félag löggiltra rafverktaka var deild í þeim samtökum á þeim tíma, er hér skiptir máli, og hafði stefndi undirritað samkvæmt gögnum málsins yfirlýsingu um að hlíta lögum Vinnuveitendasambandsins.

Með úrskurði, uppkveðnum 12. júlí 1971, hratt héraðsdómari frávísunarkröfu þessari. Þess er eigi getið í áfrýjunarstefnu, að úrskurði þessum sé áfrýjað til Hæstaréttar, sbr. 17. og 34. gr. laga nr. 57/1962 og nú 17. og 34. gr. laga nr. 75/1973. Verður framangreindri ómerkingarkröfu eigi sinnt.

II.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, var stefnda vikið úr Félagi löggiltra rafverktaka í Reykjavík á félagsfundi 29. apríl 1970. Stefndi höfðaði 3. mars 1971 mál það, sem dæmt er með hinum áfrýjaða dómi. Áfrýjandi telur, að með því að hreyfa ekki andmælum gegn brottvikningu úr félaginu fyrr en með héraðsdómsstefnu hafi stefndi sætt sig við orðinn hlut og girði þetta tómlæti hans fyrir, að hann geti veft brottvikninguna með málssókn þessari.

Samkvæmt flutningi málsins verður við það að miða, að stefndi hafi andmælt tillögu félagsstjórnar um brottvikningu á fundinum 29. apríl 1970. Höfðu forráðamenn félagsins eigi ástæðu til að ætla, að stefndi yndi brottvikningunni. Verður sýknukrafa áfrýjanda vegna þessarar málsástæðu því eigi tekin til greina.

III.

Samkvæmt 9. gr. laga fyrir Félag löggiltra rafverktaka í Reykjavík, upprunalega frá 11. ágúst 1936 og með síðari

breytingum, er heimilt að víkja félagsmanni úr félaginu á félagsfundi, sem boðað er til með minnst viku fyrirvara, enda sæki fund félagsmenn, sem fari með að minnsta kosti 2/3 hluta atkvæðamagns í félaginu, og tillaga um brottvikningu hljóti eigi minna en 3/4 atkvæðamagns fundarmanna. Svo sem áður greinir, var stefnda vikið úr félaginu á félagsfundi 29. apríl 1970. Eigi eru bornar bríður á það af hálfu stefnda, að til fundar þessa hafi verið boðað með löglegum fyrirvara og fundarefni nægilega kynnt í fundarboði, er barst stefnda. Sótti hann fundinn og tjáði sig um málið. Samkvæmt gögnum máls sátu fundinn félagsmenn, er fóru með meira en 2/3 atkvæðamagns félagsmanna. Hlaut tillaga um brottvikningu stefnda um 90% atkvæðamagns fundarmanna og því tilskilið fylgi. Stefndi heldur því allt að einu fram, að samþykkt þessi sé ólöglegt gagnvart sér. Hún sé gagngert reist á því, að hann hafi brotið reglur, sem settar voru á félagsfundi 4. mars 1970 um tilboð í rafverk, en reglur þessar bindi hann ekki. Reglur þessar fela efnislega í sér „ákvæði um hagsmunamál félagsheildarinnar,“ og samþykkt þeirra hlítir því fyrirmælum 18. gr., 2. málsg., félagslaga. Samkvæmt 18. gr., 1. málsg., félagslaga er áskilið, að fundur, sem setji samþykkt um hagsmunamál félagsins, sé því aðeins ályktunarfær, að hann sæki félagsmenn, sem fari með 3/4 atkvæðamagns í félaginu, og er tillaga eigi samþykkt, nema hún hljóti 3/4 atkvæðamagns fundarmanna. Félagsfundur 4. mars 1970 var eigi svo fjölsóttur sem áskilið er í 18. gr., 1. málsg., félagslaga og var eigi bær að félagslögum til að fjalla um tillögu til framangreindra reglna um tilboð. Samkvæmt gögnum máls sótti stefndi eigi framangreindan fund. Reglur þessar voru eigi settar með þeim hætti, að skuldbindandi væri fyrir hann, þ. á m. ákvæði 9., 10. og 11. gr. reglnanna, sem stefndi einskorðar ógildingarkröfur sínar við í málflutningi hér fyrir dómi. Verður að telja, að héraðsdómara hafi verið heimilt, eins og á stendur, að reisa dóm sinn á þessu málsatriði.

A félagsfundi 29. apríl 1970, þar sem fundarefni var tillaga félagsstjórnar um brottvikningu stefnda úr félaginu,

var flutt greinargerð stjórnar félagsins um málið. Er hún tilfærð í héraðsdómi. Segir þar m. a., að með því að stefndi hafi eigi viljað sinna löglegum samþykktum félagsins um reglur um tilboð í rafverk af hálfu félagsmanna, hafi þótt eðlilegt, að stjórn félagsins stofnaði til félagsfundar og legði til við félagsfund, að stefnda yrði vikið úr félaginu. Úr því er þegar leyst, að reglur þessar um tilboð í rafverk voru ekki settar með þeim hætti, að skuldbindi stefnda. Samþykktin um brottvikningu hans úr félaginu var hins vegar gerð á þeirri fösöndu einni, að því er ráða má af greinargerðinni, að reglur þessar væru bindandi fyrir hann og að hann hefði rofið þær. Grundvöllur þessarar samþykktar er samkvæmt þessu rangur og brottvikning stefnda úr félaginu ólögmat félagsaðgerð gagnvart honum. Samkvæmt þessum málsúrslitum þykkir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 60.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Ákvæði 9., 10. og 11. gr. framangreindra reglna um tilboð í rafverk, sem settar voru á fundi áfrýjanda, Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík, hinn 4. mars 1970, eru eigi skuldbindandi fyrir stefnda, Pál J. Pálsson.

Brottvikning stefnda úr Félagi löggiltra rafverktaka í Reykjavík á félagsfundi hinn 29. apríl 1970 er ógild.

Áfrýjandi greiði stefnda kr. 60.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. febrúar 1972.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Páll J. Pálsson rafvirkjameistari, Meðalholti 10, Reykjavík, höfðað á hendur Félagi löggiltra rafverktaka í Reykjavík með stefnu, birtri 16. mars s.l.

Endanlegar dómkröfur stefnanda á hendur hinu stefnda félagi eru þær: Að þau ákvæði í reglum um tilboð í rafverk, samþykktum á félagsfundi stefnda 4. mars 1970, um, að félagsmanni sé skylt að

leggja tilboðsgögn fyrir svokallaða viðmiðunarboðsnefnd og að færa rök fyrir tilboði frammi fyrir stjórn félagsins og að honum sé skylt að greiða sektargjald til félagsins og að sæta öðrum viðurlögum vegna tilboða sinna í verk, verði dæmd ógild og óskuldbindandi fyrir félagsmenn, en til vara, að 9., 10. og 11. gr. tilboðsreglnanna verði dæmdar ógildar og óskuldbindandi, að viðurkennt verði með dómi réttarins, að brottvikning stefnanda úr hinu stefnda félagi á fundi þess hinn 29. apríl 1970 hafi verið ógild og að hann sé löglegur félagsmaður, enda greiði hann tilskilin áfallin félagsgjöld, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, hver sem málsúrslit verða.

Þá hefur stefnandi stefnt Vinnuveitendasambandi Íslands til réttargæslu í málinu með stefnu, birtri 16. mars s.l., en hvorki gerir hann sjálfstæðar kröfur á hendur því félagi né hefur það félag haft uppi kröfur í málinu.

Af hálfu stefnda, Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík, hefur verið sótt þing, og voru upphaflega þær dómkröfur gerðar, að máli þessu yrði vísað frá dómi, en með úrskurði bæjarþingsins, uppkveðnum 12. júlí 1971, var þeirri kröfu hrundið.

Endanlegar kröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnanda.

Sáttaumleitanir hafa ekki borið árangur.

Málavextir eru þeir, að stefnandi hefur verið félagsmaður í Félagi löggiltra rafverktaka í Reykjavík, stefnda í máli þessu (F. L. R. R.), en samkvæmt 4. gr. laga fyrir það félag má í það taka alla rafverktaka, sem löggiltir eru í Reykjavík og reka sjálfstæða starfsemi sem rafverktakar eða sem veita forstöðu rafmagnsfyrirtækjum eða rafmagnsdeildum atvinnufyrirtækja, enda hafi þeir prókúruumboð fyrir þau.

Félag þetta er aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands.

Í 10. gr. félagslaga segir, að lögmætir félagsfundir hafi æðsta vald í öllum málefnum félagsins innan þeirra takmarka, sem lög in setja. Afl atkvæða ráði úrslitum, nema öðru vísi sé ákveðið í lögnum. Í 14. gr., 1. mgr., segir, að á félagsfundum hafi félagsmenn atkvæðisrétt, svo sem hér segir: „Leggja skal til grundvallar fyrir atkvæðatölu hvers einstaks félagsmanns upphæð innborgaðra tillaga á síðastliðnu reikningsári, og skal vera eitt atkvæði fyrir hverjar fullar eitt hundrað krónur. Þó getur enginn einn félagi haft eða farið með meira en 1/10 hluta af öllum atkvæðum

félagsmanna. Skál félagsstjórnin við hver áramót semja skýrslu yfir atkvæðamagn hvers einstaks félaga, og gildir skýrslan í þessu efni allt árið án tillits til þess, sem greitt kynni að vera á árinu af tillögum fyrir liðin ár.“

Í 3. mgr. þessara sömu greinar segir, að félagsmenn geti falið öðrum félagsmönnum að fara með atkvæði sín. Fundarstjóri skuli krefjast skriflegs umboðs, sem leggist við gerðabók félagsins. Umboð í símskeyti teljist skriflegt.

Í 13. gr. félagslaga segir, að hverjum fundi stýri kjörinn fundarstjóri, hann rannsaki í fundarbyrjun, hvort löglega hafi verið til fundarins boðað, og lýsir því síðan, hvort svo sé. Fundarstjórinn velji sér fundarritara meðal fundarmanna. Atkvæðagreiðsla og önnur meðferð mála á fundum fari eftir því, sem fundarstjóri ákveður, þó skuli skrifleg atkvæðagreiðsla fara fram jafnan, þegar einhver atkvæðisbærra fundarmanna krefjist þess.

Í 12. gr. félagslaga segir, að til félagsfundar skuli formaður boða bréflaga með þriggja virkra daga fyrirvara, nema öðru vísi sé ákveðið í lögunum.

Í fundarboði skuli stuttlega getið þeirra mála, er fyrir eigi að koma á fundinum.

Fundur, sem löglega hafi verið boðað til, sé lögmætur án tillits til þess, hve margir sækja hann, nema öðru vísi sé ákveðið í lögunum.

Í 18. gr. félagslaga segir: „Á félagsfundi, sem sóttur er af hendi svo margra félagsmanna, að umráð hafi yfir að minnsta kosti 3/4 allra atkvæða félagsmanna, má með 3/4 atkvæða fundarmanna taka ákvarðanir um launakjör þeirra, sem eru í þjónustu félagsmanna, svo og um verksvipting, allt innan þeirra takmarka og eftir þeim reglum, sem lög Vinnuveitendasambands Íslands ákveða.

Á slíkum fundum, sem að ofan segir, má og með 3/4 atkvæða fundarmanna samþykkja, svo bindandi sé fyrir alla félagsmenn, ákvæði um hagsmunamál félagsheildarinnar, og sker fundurinn sjálfur úr um það með sama atkvæðamagni, hver slík mál eru í hvert sinn. Um afnám slíkra ákvæða fer sem um samþykkt þeirra“.

Í 7. mgr. 12. gr. segir síðan: „Nú sækja ekki nægilega margir fund, en mál verið samþykkt með nægilegum hluta atkvæða fundarmanna, og má þá innan tveggja vikna boða til nýs fundar til þess að útkljá hin sömu mál, sem getið var í fundarboði til hins fyrri fundar. Skál boða til hins síðari fundar á sama hátt og til hins fyrri og það tekið fram, að til fundarins sé boðað sökum þess, að

eigi hafi verið nógu margir á hinum. Er hinn síðari fundur þá lögmætur án tillits til þess, hve margir sækja hann (sbr. þó sérstök ákvæði í 35. gr. um lagabreytingar).“

Í 35. gr. laganna segir, að lögum félagsins megi ekki breyta nema á fundi, sem boðaður hafi verið með minnst viku fyrirvara og sóttur sé af hendi svo margra félagsmanna, að umráð hafi yfir 3/4 allra atkvæða í félaginu, enda hafi þess verið getið í fundarboði, að lagabreyting yrði til meðferðar á fundinum og sé lagabreytingin samþykkt með 3/4 greiddra atkvæða að minnsta kosti.

Atkvæðaskrá félagsins fyrir starfsárið 1969 til 1970 hefur verið lögð fram í málinu, og hefur ekki risið ágreiningur með aðiljum um það, að hún hafi gilt, þá er þær ákvarðanir voru samþykktar, sem orðið hafa tilefni máls þess, sem hér er til úrskurðar.

Í 3. gr. félagslaga er mælt fyrir um tilgang félagsins, og segir þar, að hann sé:

„1. Að safna öllum löggiltum starfandi rafverktökum í Reykjavík í félagsskap, sem sé deild í Vinnuveitendasambandi Íslands.

2. Að vinna að því að bæta og hefja rafmagnsiðnina til sem mests og bests gengis í landinu.

3. Að koma á samræmi í rekstri rafvirkjunar, bæði verðlagi, vinnu og öðru og vinna að því, að rafverktakar reki starfsemi sína á heilbrigðum grundvelli.

4. Að gæta hagsmuna rafverktaka, sem í félaginu eru, gagnvart starfsmönnum þeirra, sérstaklega að því er snertir launakjör og hverskonar ráðningarkjör.

5. Að félagsmenn styðji hver annan, meðal annars með fjárhagslegum stuðningi, þegar vinnustöðvanir bera að höndum.

6. Að vinna að því, að sem mest samræmi verði í afstöðu rafverktaka til þeirra, sem þeir hafa í þjónustu sinni.

7. Að vinna að því að tryggja sem best vinnufrið og koma í veg fyrir verkföll og verkbönn með friðsamlegum samningum launþega og vinnuveitenda.

8. Að vera félagsmönnum til leiðbeiningar um allt, er snertir atvinnurekstur þeirra inn á við og út á við.

9. Að vera málsvari félagsmanna gagnvart almenningi og hinu opinbera.

10. Að vinna að fjárhagslegu öryggi félagsmanna.“

Félagið hefur sett sér sérstakar reglur um samskipti félagsmanna, og segir í 2. gr. þeirra reglna, að rafverktaka sé eigi heimilt að selja vinnu undir þeim texta, sem gildi hverju sinni. Jafnframt beri honum að miða efnisálagningu sína við það, sem gild-

andi sé á hverjum tíma. Þetta eigi einnig við, þegar gerð séu tilboð í verk.

Lagður hefur verið fram listi, þar sem félagar skuldbinda sig til þess að hlíta lögum félagsins svo og lögum og fyrirmælum Vinnuveitendasambands Íslands, sem gildi, þá er undirskriftin er gerð eða síðar kunni að verða sett á löglegan hátt. Meðal annarra skrifar stefnandi á þennan lista. Yfirlýsing þessi hefur stöð í 7. gr. félagslaga.

II.

Á félagsfundi í F. L. R. R. þann 4. mars 1970, þar sem mætt var fyrir 2123 atkvæði af 6015 mögulegum, voru mótatkvæðalaust samþykktar eftirfarandi reglur um tilboð:

„Þegar boðin eru út rafverk, skal eftirfarandi reglum fylgt:

1. Þegar um er að ræða opinbert sérútböð rafverktaka, skal félagsstjórn sjá um, að teikningar og verklýsing komist svo fljótt sem verða má í hendur Ákvæðisvinnunefndar, sem reiknar út magntölur vinnuliðs.

2. Þegar um lokað boð er að ræða, þar með talin boð til aðalverktaka, skulu félagsmenn, sem hlut eiga að máli, hafa samband við fulltrúa félagsstjórnar, sem síðan nær í útböðsgögn eða afrit af útböðsgögnum, sem hann kemur til Ákvæðisvinnunefndar.

3. Þegar Ákvæðisvinnunefnd hefur lokið útreikningi, *ber bjóðendum að nota þá við tilboðsgerð sína*, svo sem verið hefur og gegn því skilyrði, að sá, er verkið hlýtur, greiði útreikninga Ákvæðisvinnunefndar.

4. Er Ákvæðisvinnunefnd hefur lokið útreikningum, fær Viðmiðunarboðsnefndin tilboðsgögnin í hendur og eintak af útreikningi Ákvæðisvinnunefndar. Reiknar sú nefnd út tilboð í verkið samkvæmt reglum, er nefndinni verða settar og hún setur sér sjálf. Þegar lokið er gerð viðmiðunartilboðsins, skal það geymt í lokuðu umslagi ásamt tilheyrandi gögnum, þar til tilboð hafa verið opnuð, og er nefndinni óheimilt að skýra frá innihaldi þess. Áður en tilboðin eru opnuð, skulu bjóðendur leggja undirrituð afrit af útreikningum sínum, í lokuðu umslagi og merktu þeim, inn á skrifstofu F. L. R. R. Þau umslög má ekki opna, nema þau, sem niðurboð eru í, og þá að viðstöddum eiganda. Hinum skal skila eigendum óopnuðum.

5. Við opnun tilboða skal fulltrúi félagsstjórnar vera viðstaddur og rita niður tilboðsupphæðir og nöfn bjóðenda.

6. Þegar fyrir liggja nöfn bjóðenda og tilboðsupphæðir, skal

félagsstjórn opna viðmiðunartilboðið, og er upphæð þess tilboðs viðurkennd sem viðmiðunarupphæð.

7. Sé eitthvert tilboð, sem er 10.000 vinnueiningar eða minna, meira en 5% lægra en viðmiðunartilboðið, ber félagsstjórn að kalla eigendur þeirra boða á stjórnarfund og gefa þeim kost á að gera grein fyrir afslætti. Stjórnin metur hverju sinni, hvaða rök skulu tekin gild fyrir afslætti, og skal niðurstaða stjórnar hverju sinni færð í sérstaka bók, og undirritar stjórnin hana hverju sinni. Sé vinnuliðurinn meira en 10.000 vinnueiningar, skal markið vera 7%.

8. Viðmiðunarboðsnefnd skal sitja þá stjórnarfundi, er fjalla um niðurboðin, og vera stjórninni til ráðuneytis í þeim málum.

9. Þeir bjóðendur, sem ekki geta fært fram rök fyrir niðurboði, er stjórnin tekur gild, skulu greiða sekt til félagsins, og skal upphæð sekta miðast við upphæð viðmiðunarboðsins og hve lágt er boðið. Til dæmis skal sá, er býður 6% lægra en viðmiðunarboðið, greiða 1% af viðmiðunarupphæð, sá sem er 7% fyrir neðan, 2% o. s. frv.

10. Félagsmanni, sem gert hefur verið að greiða sekt vegna niðurboða, er ekki heimilt að gera tilboð í verk, fyrr en sektin er að fullu greidd. Stjórnin skal fella sektir á bjóðendur niður í kr. 5.000.- við fyrsta brot, ef þeir á móti skuldbinda sig til skriflega:

- a) að falla frá tilboði sínu,
- b) að gera ekki tilboð í verk næstu 6 mánuðina.

Sé brotið endurtekið, hækkar sekt í kr. 10.000.00 og að gera ekki tilboð í verk í 12 mánuði.

11. Taki einhver þeirra, er sektaðir hafa verið, að sér viðkomandi verk, ber honum að greiða kostnað við gerð viðmiðunarboðsins, annars greiðist sá kostnaður úr félagssjóði.

12. Öllum félagsmönnum skal sent eitt eintak af reglum þessum á sannanlegan hátt.“

Á aðalfundi 28. maí 1970 var stjórn F. L. R. R. heimilað að fresta framkvæmd 10. gr. reglnanna um tilboð í rafverk. Mun ákvæðinu ekki hafa síðan verið beitt.

Áður en reglur þessar voru samþykktar í endanlegri gerð sinni á fundinum 4. mars 1970, höfðu þær verið teknar fyrir á tveim fundum, þ. e. þann 17. nóvember 1969 og 15. desember 1969. Fundarboð vegna þessara funda og endurrit fundargerða liggja frammi í málinu svo og listar yfir þá félagsmenn, sem mættu á fundunum.

III.

Stefnandi, sem er forstöðumaður Myllunnar h/f, gerði ásamt fleiri félögum F. L. R. R. tilboð í rafverk í húsi Sjálfsbjargar á árinu 1970. Tilboð Myllunnar reyndist vera lægst, og fékk fyrirtækið verkið. Stefnandi segir, að félagsstjórn stefnda hafi gramið þetta mjög og gripið til þess fangaráðs að boða til félagsfundar með fundarboði, dags. 20. apríl 1970, en fundinn skyldi halda þann 29. apríl 1970.

Boðað fundarefni var: „Tillaga stjórnar F. L. R. R. um að víkja Páli J. Pálssyni úr félaginu.“

Á fundinum var borin upp svohljóðandi tillaga: „Fundur í F. L. R. R. haldinn í húsi V. F. Í. 29. apríl 1970 samþykkir samkvæmt 9. gr. 1. félagsins að vísa Páli J. Pálssyni, Meðalholti 10, úr félaginu, og felur stjórn félagsins að innheimta hjá honum vangreiðd félagsgjöld, sektir og viðurlög, er honum ber að greiða samkvæmt lögum og samþykktum félagsins. Brottvísun þessi tekur þegar gildi.“

Stefnandi segir, að fundarstjóri hafi talið tillögu þessa vera samþykkt, a. m. k. hafi það boð verið látið út ganga.

Í 9. gr. félagslaga, sem hér er vitnað til, er sagt, að auk þess sem víkja megi félagsmönnum úr félaginu samkvæmt ákvæðum 7. gr. laga Vinnuveitendasambands Íslands, geti félagsfundur, sem boðaður hefur verið með minnst viku fyrirvara og þar sem mætt er fyrir minnst $\frac{2}{3}$ atkvæða allra félagsmanna, samþykkt með $\frac{3}{4}$ atkvæða fundarmanna að víkja félagsmanni fyrirvaralaust úr félaginu, enda hafi þess verið getið í fundarboði, að slík tillaga yrði borin fram. Tillögu um brottvikningu megi þó aðeins leggja fyrir fund, ef hún er borin fram af félagsstjórninni eða svo mörgum félagsmönnum, að umráð hafi fyrir minnst $\frac{1}{3}$ hluta allra atkvæða félagsmanna. Í greininni er enn fremur vikið að því, að úrsögn eða brottvikning félagsmanns leysi hann ekki undan greiðslu tillaga, sekta og annarra skulda við félagið né heldur frá hlutfallslegri ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum, sem hvíla á félaginu, þegar hann gengur úr því.

Í greinargerð stjórnar F. L. R. R. vegna tillögu um brottvikningu Páls J. Pálssonar úr félaginu, en greinargerð þessi hefur verið lögð fram í málinu og var einnig lögð fyrir fund þann, er samþykkti að víkja Páli J. Pálssyni úr F. L. R. R., segir svo um málavexti:

„Afskipti stjórnar F. L. R. R. af tilboðum eiga sér nokkuð langa sögu, þar eð mönnum hefur verið það ljóst lengi, að tilboð í raf-

verk hafa verið óraunhæf og í engu samræmi við raunverulegt kostnaðarverð verkanna. Stafar þetta ýmist af óvandvirkni, kunnáttuleysi eða vegna þess, að menn hafa boðið lágt í trausti þess, að verk væru svo illa undirbúin, að þau ýmist breyttust fljótlega í tímavinnu vegna breytinga eða að tilboðið yrði meira og minna ómerkt vegna þeirra. Oft er líka það, sem boðið er út, svo lítill hluti alls verksins, að tap á tilboði skiptir ekki verulegu máli.

Fyrstu beinu afskipti stjórnarinnar af útboðum voru þau, að væntanlegir bjóðendur, ásamt fulltrúa verkkaupa, voru boðaðir á fund, áður en tilboðum var skilað, og fulltrúi verkkaupa gerði grein fyrir útboðinu og svaraði spurningum bjóðenda, ef um vafaatriði var að ræða. Þetta var gert, til þess að allir hefðu sömu og nægar upplýsingar.

Þessi tilraun virtist hafa einhver áhrif um stundarsakir, en um verulegan árangur var ekki að ræða.

Þessu var þó haldið áfram, þar til svo langt gekk, að tilboðin dugðu varla fyrir efni því, sem til verkanna þurfti, og má í því sambandi geta eins útboðs, þar sem boðin var út röralögn í steypu. Lægsta boð í þetta verk nægði aðeins fyrir efninu, en verkkaupi taldi eðlilegast, að mönnum væri leyft að standa við tilboð sín, og gaf um það hátíðlegt loforð, að verkið skyldi boðið út að nýju, er röralögn væri lokið. Á þetta var fallist, en raunin varð sú, að húsið var komið mjög skammt á veg, þegar verulegar breytingar orsökuðu það, að verkið breyttist í tímavinnuverk og var aldrei boðið út að nýju, en verktakinn sat að öllu verkinu í skjóli síns óraunhæfa tilboðs.

Það næsta, sem til bragðs var tekið, var, að settar voru reglur um það, að öll tilboð skyldu lögð inn á skrifstofu félagsins, og var sérstakri nefnd falið að meðhöndla þau á þann hátt, að tilboðsupphæðirnar skyldu lagðar saman og deilt í niðurstöðutölu með fjölda tilboða. Síðan skyldu dregin frá þeirri tölu, sem þá kom út, 10%, en þau tilboð, sem lögju fyrir neðan þá tölu, sem þá kom út, skyldu flutt jafn mikið upp fyrir meðaltöluna og þau lágu fyrir neðan hana áður og boðin síðan send þannig til verkkaupa.

Rafverktakar, sem buðu í verk samkvæmt þessum reglum, tóku þessum aðgerðum mjög vel, en verkkaupar fundu þessu flest til foráttu, og mun jafnvel af þeim sökum hafa dregið úr því um tíma, að rafverk væru boðin út nema í heildarboði, sem þá voru að hefjast, en við þá útboðsaðferð var talið illmögulegt að beita þessum reglum.

Þegar ákvæðisvinnutaxtinn kom til sögunnar, var talið, að svo

föst verðlagning væri komin á vinnu og efni, að óverjandi og e. t. v. óþarft væri að viðhafa fyrrgreindar reglur, og væru þær því afnumdar, en í þess stað samþykkt að láta reikna út vinnulið verka, þegar um sérútbod rafverka væri að ræða, og bjóðendum gefinn kostur á að nota þessa útreikninga. Þeim, er verk hlaut, var gert að greiða kostnað við útreikning vinnuhlutans.

Þetta hefur verið gert allt til þessa, en raunin varð sú, að tilbod urðu jafn óraunhæf og áður, en sem dæmi má nefna tilbod í rörlögn, sem áætlað var af verkkaupa, að kosta myndi rúm 120 þúsund, tilbod í það verk hljóðaði upp á rúm 50 þúsund.

Þegar svona var komið, kannaði stjórnin viðhorf þeirra, sem oft taka þátt í útboðum, og kom þá fram, að þeir töldu nauðsynlegt, að gripið yrði til einhverra ráða til þess að breyta þessu ástandi og reyna að koma málum í það horf, að bjóðendur gætu gert raunhæf tilbod, en þyrftu ekki að koma fram eins og okrarar, þegar tilbod þeirra voru borin saman við hin óraunhæfu niðurboð.

Að þessu athuguðu samdi stjórnin drög að reglum um tilbod í rafverk, og var höfuðinnihald þeirra tillagna það, að halda skyldi áfram að láta reikna út vinnulið rafverka, en sérstakri nefnd falið að gera viðmiðunarboð, sem geymt skyldi, þar til tilbod hefðu verið opnuð. Nefndinni var uppálagt að gera viðmiðunartilboðið svo lágt sem kostur væri á án þess þó að brjóta gildandi taxa félagsins. Er tilbod hefðu verið opnuð, skyldi viðmiðunarboðið opnað og dregin 10% frá tilbodsupphæðinni, en eigendum þeirra boða, sem lægju undir þeirri tölu, sem þá kæmi út, gefinn kostur á að koma á fund stjórnar og Viðmiðunarnefndar og færa rök fyrir því, hvers vegna boð þeirra væri lægra en boð Viðmiðunarnefndar, eftir að það hafði verið lækkað. Gætu þeir rökstutt boð sín, væri þeim heimilt að semja um viðkomandi verk án afskipta félagsins, en gætu þeir það ekki, yrðu þeir annað hvort að greiða viðurlög í samræmi við fjarlægð boðs frá lækkuðu viðmiðunarboði eða falla frá tilbodinu. Gert var ráð fyrir, að allir, er fyrir neðan lægju og gætu ekki réttlætt boð sín, hlytu þá einhver viðurlög.

Tillögur þessar voru sendar öllum félagsmönnum og síðan haldinn félagsfundur til þess að ræða tillögurnar, en á þeim fundi var kosin nefnd til að endurskoða tillögurnar og henni falið að leggja niðurstöður sínar fyrir næsta félagsfund.

Nefnd þessi lagði á sig allmikið starf við að endurskoða tillögurnar og gerði m. a. til reynslu viðmiðunarboð skv. reglunum í rafverk, sem boðið var út, meðan á athugun nefndarinnar stóð.

Niðurstöður nefndarinnar voru endanlega lagðar fyrir þriðja fé-

lagsfund, sem þetta mál var rætt á, en þær fólu í sér þær breytingar helstar, að frádráttarprósentan var lækkuð í 5 og 7% eftir stærð verka, viðurlögum breytt nokkuð og bjóðendum gert að skila gögnum þeim, er þeir notuðu við tilboðsgerð sína inn á skrifstofu F. L. R. R., áður en tilboð væru opnuð. Voru tillögurnar síðan samþykktar samhljóða.

Skömmu eftir að reglur þessar voru samþykktar, voru boðin út tvö verk, viðbygging við Loftleiðahótelið, sem boðin var út í heildarboði, og nýbygging Sjálfsbjargar að Hátúni 12, sem var sér-útboð, en raflögnin var þó komin þar nokkuð á leið, húsið rúmlega fókelt.

Stjórn F. L. R. R. hafði þó ekkert að athuga við útboð verksins á þessu stigi, því um það hafði verið rætt frá upphafi að bjóða verk-ið út.

Gerð voru viðmiðunarboð í bæði þessi verk, og þegar vitað var, hvaða aðalverktaki hlaut viðbyggingu Loftleiðahótelsins, var rætt við þann rafverktaka, er hafði lægst tilboð hjá þeim verktaka, en tilboð hans reyndist um 250 þúsundum fyrir neðan viðmiðunarboðið, eftir að það hafði verið lækkað.

Eignði þessa boðs var Hjörleifur Þórlindsson, og hélt stjórn og Viðmiðunarnefnd með honum tvo fundi, þar sem honum var gefinn kostur á að færa rök fyrir boði sínu. Niðurstöður þessara funda urðu þær, að Hjörleifur gat fært fram rök, sem urðu til þess, að boð hans lá um 45 þúsund neðan við lágmark viðmiðunarboðsins, og ákvað hann þá að greiða viðurlögin ásamt kostnaði við gerð viðmiðunarboðsins, svo sem reglur mæla fyrir, og taka að sér verkið. Samþykkti hann víxil fyrir um 71 þús. krónum, áður en hann hóf samninga um verkið.

Þegar tilboð í rafverk í húsi Sjálfsbjargar höfðu verið opnuð, var viðmiðunarboðið í það verk opnað. Bjóðendur voru sjö í þetta verk, og reyndust öll boðin liggja fyrir neðan viðmiðunarboðið, eftir að það hafði verið lækkað um 5%, reyndist vera kr. 2.777.697.00, en hin boðin voru sem hér segir:

Rafsvið s.f.	kr. 2.710.314.00
(aths. ef nota má plaströr lækkar tilboðið um kr. 37.500.00)	
Bræðurnir Ormsson h.f.	— 2.695.821.00
Segull h.f.	— 2.610.480.00
Sig. Kjartansson	— 2.494.300.00
Jón Bjarnason	— 2.455.600.00

Gunnar Steinsson
Myllan h.f.

kr. 2.450.000.00
— 2.167.000.00

Bjóðendur voru þegar kallaðir fyrir stjórn F. L. R. R. og Viðmiðunarnefnd til að gera grein fyrir boðum sínum, að undanskyldum einum, sem var úr Hafnarfirði og ekki talin ástæða til að ónáða að svo komnu máli.

Fimm bjóðendur gerðu grein fyrir boðum sínum, og voru rök þeirra bókuð í gerðabók, svo sem ráð er fyrir gert, en lægstbjóðandi, Páll J. Pálsson, neitaði algjörlega að gera grein fyrir boði sínu og lýsti því yfir, að hann treysti sér ekki til þess. Hann mætti þó á stjórnarfund 25/3 '70 og lýsti þá yfir, að hann teldi tilboðsreglurnar markleysu.

Framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar kom á fund 10/4 með Hjörleifi Þórlindssyni, er var rafverktaki á húsi Sjálfsbjargar, Páli J. Pálssyni og formanni F. L. R. R., og óskaði framkvæmdastjórinn þá eftir, að verktakaskipti færu fram á húsi Sjálfsbjargar. Þessi mála-leitan var lögð fyrir stjórnarfund sama kvöldið, og var Páll J. Pálsson boðaður á þann fund. Páli var gerð grein fyrir ákvæðum útboðsreglnanna og hann spurður, hvort hann óskaði að taka að sér verkið og gjalda viðurlög, sem tilboðsreglurnar gerðu ráð fyrir í þessu tilfelli. Páll kvaðst ekki greiða viðurlögin, en lýsti því jafnframt yfir, að hann myndi ekki fara inn í umrætt verk, nema að lögleg rafverktakaskipti færu fram.

Síðan var ósk framkvæmdastjóra Sjálfsbjargar um verktakaskipti tekin fyrir og verktakaskiptum neitað á þeim forsendum, að sá rafverktaki, er við verkinu ætti að taka, vildi ekki hlíta löglegum samþykktum félagsins, þ. e. a. s. tilboðsreglunum.

Það næsta, sem gerist í þessu máli, er, að Rafmagnsveita Reykjavíkur samþykkir einhliða, að Páli J. Pálssyni skuli heimilt að taka við raflögn í húsi Sjálfsbjargar, án þess að leitað sé samþykkis F. L. R. R., svo sem gert er ráð fyrir á eyðublaði 2 A og tíðkast hefur um 8 ára skeið.

Þegar svo er komið, er haldinn stjórnarfundur og Páll boðaður á hann og honum gerð grein fyrir reglum félagsins um samskipti félagsmanna og hann jafnframt minntur á fyrri yfirlýsingu sína á stjórnarfund, þar sem hann lýsti því yfir, að hann færi ekki inn í umrætt verk, nema að slíkt yrði samþykkt á löglegan hátt. Var honum bent á, að samkvæmt reglum væri honum óheimilt að taka að sér verkið nema með samþykki stjórnar F. L. R. R.

Páll kvað sig það engu skipta, þar eð R. R. hefði samþykkt skipt-

in og að hann teldi sig engar reglur brjóta, þótt hann tæki að sér verkið, sem hann hefði þegar ákveðið að gera.

Þegar svo var komið, að engum fortölum þýddi að beita við Pál, var honum gerð grein fyrir því, hve alvarlegar afleiðingar þessi afstaða hans gæti haft fyrir stöðu hans í félaginu, en þær fortölur báru heldur ekki árangur.

Á stjórnarfundinum hafði Páll óskað sérstakra bókana, sem að sjálfsögðu var gert, en á þessum stjórnarfundum sem og á öðrum, er hann sat, neitaði hann gjörsamlega að undirrita fundargerð, svo sem venja er, að þeir geri, er stjórnarfundum sitja.

Er Páll hafði vikið af fundi, ræddi stjórnin, hvaða afstöðu hún skyldi taka varðandi mál Páls. Kom þá til greina að leita aðstoðar Meistarasambands byggingamanna við að útiloka Pál frá verkinu, en sú aðferð þótti óheppileg, en talið eðlilegra með tilliti til þess, að Páll vildi engu sinna löglegum samþykktum félagsins, að leggja til við félagsfund, að Páli yrði vikið úr félaginu og viðurlög þau og sektir, er honum yrði gert að greiða, síðan innheimt samkvæmt lögum félagsins. Brottvikning Páls úr félaginu myndi hafa þau áhrif, að aðgerða Meistarasambandsins mætti vænta þegar í stað, er hann teldist ekki lengur félagsmaður, og stjórnin taldi heppilegt, að í þetta skipti reyndi á, hvers virði félaginu væri aðild þess að Meistarasambandinu.

Var því samþykkt að boða til félagsfundar með löglegum fyrirvara og að leggja fyrir þann fund tillögu um brottvikningu Páls úr F. L. R. R.

Síðan þetta gerðist, hefur rafmagnsstjóra verið sent allitarlegt bréf og gerð grein fyrir framkvæmd verktakaskipta á umliðnum árum og óskað greinargerðar vegna samþykktar R. R. á verktakaskiptum á húsi Sjálfsbjargar að Hátúni 12. Jafnframt var óskað frekari viðræðna við rafmagnsstjóra um samskipti F. L. R. R. og rafveitunnar.

Hinn 24. apríl barst svo félaginu svohljóðandi bréf frá Páli J. Pálssyni: „Ég undirritaður gengst undir sektargreiðslu, að fjárhæð kr. 5.000.00, vegna tilboðs míns í raflagnir í hús Sjálfsbjargar, Hátúni 12, Reykjavík, með þeim fyrirvara, að mér hafi verið það skylt, en því mótmæli ég.““

Lagt hefur verið fram endurrit úr fundargerðabók varðandi félagsfundinn 29. apríl 1970. Kemur þar fram, að kannað var þar atkvæðamagn mættra fundarmanna, og reyndust atkvæði 73% allra atkvæða félagsmanna. Þar kemur einnig fram, að stefnandi var mættur á fundinum. Að loknum umræðum fór fram atkvæða-

greiðsla um áðurgreinda tillögu um brottvikningu stefnanda. Fundarstjóri kynnti þau umboð fyrir atkvæðisrétti, sem fram höfðu komið frá fjarstöddum félagsmönnum, og ákvað, að atkvæðagreiðslan skyldi fara fram með einum seðli frá hverjum fundarmanni, sem borinn yrði til hvers um sig með áritaðri atkvæðatölu viðkomandi, og skyldi rétthafi aðeins rita já eða nei á seðilinn. Þessu formi atkvæðagreiðslunnar var ekki mótmælt, og fór hún fram. Atkvæði féllu þannig: Já sögðu 4000 nei sögðu 425, og auðir seðlar voru 69. Úrslit atkvæðagreiðslunnar voru lýst lögleg.

Lagður hefur verið fram listi yfir viðstadda félagsmenn og atkvæðamagn hvers þeirra um sig. Jafnframt hafa verið lögð fram umboð til þeirra, sem mættu fyrir önnur atkvæði en sín eigin á fundinum. Samkvæmt þessum atkvæðalista virðist hafa verið mætt fyrir 4530 atkvæði á fundinum, þannig að samkvæmt því virðast við atkvæðagreiðsluna ekki koma fram 36 atkvæði. Heildaratkvæðamagn í félaginu er samkvæmt framlögðum lista 6015 atkvæði.

Í aðiljaskýrslu, sem lögð hefur verið fram af hálfu stefnanda, er svo skýrt frá meistaraskiptum á umdeildu verki:

„Samkvæmt venju áttu að fara fram meistaraskipti á verkinu, áður en ég léti hefja þar störf. Á því eyðublaði, sem R. R. (Rafmagnsveita Reykjavíkur) gefur út til útfyllingar varðandi meistaraskipti, er reitur fyrir stimpil F. L. R. R.

Oft er það ekki átakalaust, þegar skipta skal um meistara á verki, og hefur R. R. látið F. L. R. R. leysa þann vanda. R. R. hefur því ekki veitt leyfi, fyrr en stimpill F. L. R. R. er fyrir hendi á blaðinu. Nú er mér neitað um þennan stimpil F. L. R. R. á þeim forsendum, að ég vilji ekki fara eftir útboðsreglum. Fór ég þá til R. R. og lagði umsókn mína um meistaraskipti þar inn. Var hún síðan afgreidd og leyft að vinna verkið. Eftir því sem mér var sagt, var umsókn mín afgreidd á þeim forsendum, að formaður F. L. R. R. hafi eitt sinn ritað bréf til rafmagnsstjóra og óskað eftir, að hann skæri úr deilumálum, sem kynu að koma upp á milli F. L. R. R. og einstakra félagsmanna.“

Með stefnu félagsdóms, útgefinni 1. febrúar 1971, höfðaði Vinnuveitendasamband Íslands fyrir hönd Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík mál fyrir Félagsdómi gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Félags íslenskra rafvirkja, þar sem þær kröfur eru gerðar, að viðurkennt verði með dómi, að félagsmönnum stefnda sé óheimilt að vinna hjá Páli J. Pálssyni rafvirkjameistara, stefnanda máls

þessa, á meðan hann sé ekki félagsmaður Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík.

Í stefnu Félagsdóms er vitnað til þess, að hinn 2. júlí 1970 hafi Félag löggiltra rafverktaka í Reykjavík og Félag íslenskra rafvirkja gert kjarasamning sín á milli, er gilda eigi til 1. október 1971. Í 1. mgr. 8. gr. þess kjarasamnings segir: „Óheimilt er rafverktökum í Félagi löggiltra rafverktaka í Reykjavík að hafa né taka að rafvirkjastörfum aðra rafvirkja en þá, sem eru fullgildir félagar í Félagi íslenskra rafvirkja. Jafnframt skuldbindur Félag íslenskra rafvirkja félaga sína til að vinna ekki að rafvirkjastörfum hjá öðrum rafverktökum starfandi í Reykjavík en þeim, sem eru félagar í Félagi löggiltra rafverktaka í Reykjavík. Rafvirkjar, sem nú vinna hjá aðilum utan F. L. R. R. eru undanþegnir ákvæðum síðustu málsgreinar.“

Í stefnunni er jafnframt vitnað til þess, að hinn 29. apríl 1970 hafi Páli J. Pálssyni rafvirkjameistara verið vikið úr Félagi löggiltra rafverktaka í Reykjavík, vegna þess að hann hafi brotið löglega teknar samþykktir félagsins, og hafi sú brottvikning ekki verið vefengd sem lögleg.

IV.

Stefnandi málsins hefur komið fyrir dóm.

Hann kvaðst ekki hafa verið á fundi, þegar reglurnar um tilboð í rafverk voru samþykktar. Hann sagði, að verið gæti, að hann hefði verið á fyrsta fundinum, sem fjallaði um reglurnar, en mundi ekki, hvenær hann var haldinn. Hann kvaðst hafa verið hlynntur reglum um tilboð, en talið, að þær reglur ættu að vera aðstoð við félagsmenn. Hann kvaðst hafa verið andvígur sektarákvæðum. Hann kvaðst ekki hafa gert sér fullkomlega grein fyrir því, í hverju reglur um tilboð ættu að vera fólgnar, og þess vegna hafi hann ekki mætt á fundum þeim, sem um þetta fjölluðu. Eftir að reglurnar voru samþykktar, kveðst hann hafa mótmælt þeim með því að fara ekki eftir þeim í fyrsta tilboðinu, næstu á eftir samþykkt þeirra, þ. e. tilboðið í verk Sjálfsbjargar. Hann kvaðst hafa fengið magntölur hjá félaginu, bæði hvað varðaði efni og vinnu vegna þessa verks og hafi hann greitt fyrir það. Hann kvaðst hafa greitt fyrir þessar magntölur, eftir að hann skrifaði undir samninginn við Sjálfsbjörg. Hann hafi talið sér það skilt samkvæmt reglum félagsins, sem kveði á um það, að sá, sem hljóti verk, eigi að greiða kostnað öflunar magntalnanna. Hann kvaðst

hafa greitt þetta, eftir að talið var, að honum væri vikið úr félaginu, og hefði verið tekið við greiðslunni athugasemdalaust. Hann kvaðst álíta, að til fundarins 4. mars 1970 hafi verið boðað eins og venja væri til. Hann kvaðst hafa mætt á fundinum 29. apríl 1970, þegar samþykkt var að víkja honum úr félaginu. Hann kvaðst hafa farið af fundi, þegar niðurstöður atkvæðagreiðslunnar voru birtar. Hann kvaðst ekki hafa hreyft neinum andmælum við því formi, sem haft var á samþykkt tillögunnar við brottvikningu hans. Hann kvaðst ekkert hafa haft í höndum, sem hann hefði getað stutt slík andmæli á. Hann sagði, að honum hefði aldrei verið tilkynnt formlega brottvísun úr félaginu, en hann hafi heyrt niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar. Aðspurður af lögmanni stefnda, hvort hann teldi sér mikinn hag af því að vera í félaginu, svaraði stefnandi „vissulega, ef félagið væri rekið á heiðarlegum grundvelli, t. d. væri það vegna ýmiss konar þjónustu, sem félagið gæti veitt.“

Þórir Lárusson, sem var fundarstjóri á fundinum þann 29. apríl 1970, hefur komið fyrir dóminn og staðfest, að fundargerð sú frá þeim fundi, sem frammi liggur í málinu, sé rétt. Hann sagði, að atkvæðamagn mætttra fundarmanna væri kannað þannig, að þeir hafi skrifað sig á lista og atkvæðamagn sitt við nöfn sín. Listinn hafi síðan verið borinn saman við lista yfir atkvæðamagn hvers og eins í félaginu.

Hann sagði, að boðað hefði verið til fundarins með bréfi í pósti eins og venjulega og síðan með tilkynningu í útvarpi sama dag. Hann kvaðst ekki vita, fyrir hversu marga stjórn félagsins greiddi atkvæði á fundinum. Hann sagði, að atkvæðagreiðslan hefði farið fram með seðlum, sem á hafi verið ritað atkvæðamagn þess, sem fékk seðilinn afhentan, og annað ekki. Hann hafi svo átt að skrifa já eða nei á seðilinn. Hann sagði, að hugsanlegt væri að sjá, hvernig hver greiddi atkvæði með því að bera saman atkvæðaseðlana og listann yfir mætta félagsmenn og einnig skrá yfir atkvæðamagnið í félaginu.

Árni Brynjólfsson, formaður Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík, hefur komið fyrir dóm. Spurður að því, hvernig atkvæðagreiðslur fari venjulega fram í félaginu, segir hann, að atkvæðagreiðslur fari annað hvort fram með handauppréttingu eða, ef krafist sé skriflegrar atkvæðagreiðslu, á þann hátt, sem gert var á félagsfundi 29. apríl 1970. Hann sagði, að atkvæðamagn manna væri misjafnt í félaginu, eins og atkvæðaskráin gæfi til kynna. Hann upplýsti, að í aðalstjórn félagsins hafi á þeim tíma, er fundurinn hinn 29. apríl 1970 var haldinn, hafi verið Vilberg

Guðmundsson, Ólafur Jensson ásamt sér og í varastjórn Finnur B. Kristjánsson, Siguroddur Magnússon og Páll Þorláksson. Varastjórnin sitji alla stjórnarfundi. Hann kvaðst ekki muna, hvernig stefnanda hafi verið tilkynnt brottvísun úr félaginu, öðru vísi en þannig, að hann hafi verið viðstaddur fundinn. Hann sagði, að á fundi 28. maí 1970 hafi verið samþykkt að fresta framkvæmd 10. gr. reglna um tilboð í rafverk. Hann sagði, að ákvæðum 10. gr. hefði enn ekki verið framfylgt, en mönnum væri gefinn kostur á annað hvort að falla frá tilboði sínu eða greiða mismun á rökstuddu tilboði sínu og lækkuðu viðmiðunarboði. Hann sagði, að þó nokkur dæmi væru til þess, að félagið hefði skuldbundið menn til þess að greiða mismun rökstudds tilboðs og lækkaðs viðmiðunarboðs. Hann sagði, að allir hefðu gert þetta nema einn. Hann sagði, að þeir, er greiddu, fengju enga kvittun, heldur samþykktu ódagsettan víxil. Þeir fengju svo kvittun, þegar þeir greiddu víxlana. Hann kvað greiðslur þessar vera kallaðar greiðslur samkvæmt reglum um tilboð. Aðspurður af lögmanni stefnanda, hvort álíta mætti, að Páll J. Pálsson hefði brotið gegn reglum félags síns með því að gera of lág tilboð í verk, sagði hann, að það hefði aldrei fengist kannað. Þetta hefði verið eitt af því, sem Páll J. Pálsson hafi neitað að eiga hlut að, áður en honum var víkið úr félaginu.

V.

Af hálfu stefnanda er vitnað til 3. tl. 3. gr. félagslaga varðandi tilgang félagsins. Telur hann, að dregið hafi til tíðinda í starfsemi félagsins í andstöðu við nefndan tilgang, sem einnig beri að skýra með hliðsjón af ákvæði 8. tl. 3. gr. félagslaganna, þegar félagið setti sér svonefndar reglur um tilboð í rafverk á félagsfundi 4. febrúar 1970, en stefnandi hafi ekki verið á fundi þessum. Samkvæmt reglum þessum séu félagsmenn skyldaðir til þess, þegar verk er boðið út, sem þeir vilja bjóða í, að leggja tilboðsgögn sín fyrir svonefnda viðmiðunarboðsnefnd hjá félaginu, og skulu bjóðendur, sem gera lægri boð en viðmiðunarboðsnefndin álítur hæfilegt, svonefnt niðurboð, greiða sektir til félagsins, ef þeir geti ekki fært þau rök fyrir niðurboði, sem stjórn félagsins taki gild. Stefnandi heldur því fram, að, sbr. 7. tl. reglnanna um útboð, sé félagsmanni gert skylt frammi fyrir viðmiðunarboðsnefnd að gera grein fyrir verslunarleyndarmálum sínum, svo sem hvernig þeir hagi innkaupum sínum, hvernig þeir nái meiri vinnu út úr starfsmönnum sínum. Þá hefur hann bent á, að hvergi standi í reglunum,

að maður verði rekinn úr félaginu, ef hann óhlýðnist þeim. Heldur ekki að reynt verði fyrir Félagsdómi að hindra menn í að vinna hjá honum.

Stefnandi hefur talið reglur þessar óskuldbindandi fyrir sig og aðra félagsmenn, enda gangi þær allt of langt í að hefta atvinnu- og samningsfrelsi félagsmanna, og í því sambandi vitnar hann til 37. gr. laga nr. 7/1936.

Þá hefur af hálfu stefnanda verið vitnað til 12. gr. laga nr. 84/1933 um óréttmæta verslunarhætti. Því hefur verið haldið fram, að ekki sé vinnandi vegur að leggja tilboðsgögn fyrir samkeppnis- aðilja sína, en samkvæmt reglunum verði að gera það.

Þá hefur stefnandi haldið því fram, að aðferðir F. L. R. R. gagnvart sér séu hömlur á atvinnufrelsi sínu og séu því andstæðar stjórnarskrá landsins og landslögum. Sjálft Alþingi megi ekki leggja bönd á atvinnufrelsi manna, nema almenningsheill krefji og þá samkvæmt sérstöku lagaboði, því síður hljóti samtökum borgaranna að vera heimil slík skerðing á atvinnufrelsi manna.

Að því er varðar brottvísun hans úr nefndu félagi, vefengir stefnandi gildi þeirrar samþykktar. Hann bendir á eftirfarandi:

1. Félagsstjórnin hafi fyrirfram tekið loforð af félagsmönnum um jákvæða afstöðu þeirra við afgreiðslu tillögunnar á fundinum.

2. Sumir félagsmanna hafi mætt og greitt atkvæði fyrir fjarstadda félagsmenn.

3. Atkvæðagreiðslan hafi átt að vera leynileg, en í stað þess hafi hver félagsmaður fengið í hendur atkvæðaseðil, þar sem á hafi verið merkt atkvæðatala hans. Að lokinni kosningu hafi allir miðarnir verði teknir til varðveislu. Þannig geti stjórn félagsins vitað, hvernig hver einstakur félagsmaður greiddi atkvæði.

4. Stefnandi vefengir, að löglega hafi verið til fundarins boðað og að mætt hafi verið það atkvæðamagn, er 9. gr. félagslega áskilur.

Þá hefur af hans hálfu því verið haldið fram, að sektir séu einu viðurlögin, ef út af tilboðsreglum um rafverk sé brugðið, því að ella hafi brottvikning, t. d. við ítrekuðu broti, verið nefnd í reglunum.

Þá hefur af hálfu stefnanda á það verið bent, að félagsstjórnin hafi bætt gráu ofan á svart gagnvart honum með því að hlutast til um, að gerð væri sú krafa fyrir Félagsdómi, að rafvirkjasveinar megi ekki vinna hjá honum sem brottreknum félagsmanni úr F. L. R. R.

Af hálfu stefnda hefur því verið haldið fram, að brottvísun

stefnanda hafi farið fram á lögmætan hátt á lögmætum fundi. Tilboðsreglurnar séu skuldbindandi og settar á lögmætan hátt. Þá er því haldið fram, að fyrst ætti að úrskurða, hvort stefnanda hafi verið löglega vikið úr félaginu, en síðan um réttmæti tilboðsreglnanna, því, ef því væri svarað játandi, að stefnanda hefði verið réttilega vikið, sé hann ekki lengur réttur aðili að hinni spurningunni.

Af hálfu stefnda var síðan vitnað í 2. gr. reglna F. L. R. R. um samskipti félagsmanna og 3. mgr. 3. gr. laga F. L. R. R. og á því byggt, að þessar greinar sýni, að tilboðsreglurnar brjóti ekki í bága við tilgang félagsins. Reglurnar rúmist innan 2. gr. samskiptareglanna. Því var haldið fram, að tilboðsgjafar gætu dregið tilboð til baka, það væri viðtekin venja, og í því sambandi vitnað til staðalsins Í. S. T. 30. Þá var vitnað til 4. og 5. gr. samskiptareglna F. L. R. R. og því haldið fram, að þær starfsreglur hafi stefnandi brotið án samþykkis stjórnar. En stefnanda hafi verið gerð grein fyrir því, að þessar starfsreglur væri hann að brjóta, sbr. dómsskjal nr. 11, þ. e. greinargerð stjórnar F. L. R. R. Þegar stefnandi hafi ekki skipast við orð stjórnarinnar, hafi verið lagt fyrir fund að reka hann úr félaginu. Fundarboð til þess fundar sé í fullu samræmi við 9. gr. laga F. L. R. R. Fundurinn sé boðaður með viku fyrirvara og mætt sé með $\frac{2}{3}$ af atkvæðum félagsmanna og tillagan samþykkt með ákveðnum atkvæðafjölda, þ. e. 90% atkvæða fundarmanna. Þá var vitnað til 13. gr. laga F. L. R. R. um atkvæðagreiðslur og á það bent, að formi atkvæðagreiðslu hafi ekki verið mótmælt, en stefnandi hafi verið viðstaddur. Þarna hafi verið um að ræða hefðbundnar venjur við afgreiðslu mála. Stefnandi hafi gengið af fundi að lokinni atkvæðagreiðslu vitandi það, að fram hafði verið borin á löglegan hátt tillaga um að víkja honum úr félaginu, sem hefði verið samþykkt með löglegum hætti. Þá var vitnað til 8. gr. reglna Meistarasambands byggingamanna um skyldu meistara til að ganga úr verkum og til 8. gr. kjarasamnings við Félag íslenskra rafvirkja og til 34. gr. laga F. L. R. R.

VI.

Við úrlausn þessa máls þykir verða fyrst til þess að líta, hver sé frumástæða deilna stefnanda við félagið. Virðist ljóst, að deilur rísa með aðiljum út af reglunum um tilboð, sem samþykktar voru á almennum félagsfundi 4. mars 1970, enda er það fyrsta verkið, sem félagsmenn bjóða í eftir samþykkt reglnanna, sem deilum veldur. Af þessu leiðir, að rétt þykir að taka fyrst til meðferðar

þá kröfu stefnanda, sem lýtur að gildi ákveðinna fyrirsmæla í reglunum um tilboð.

Á félagsfundi 4. mars 1970 var samkvæmt framlögðum listum mætt fyrir 2123 atkvæði af 6015 mögulegum, þannig ekki helming atkvæða félagsmanna. Telja verður, að reglurnar um tilboð séu ákvæði um hagsmunamál félagsheildarinnar og að fara eigi eftir 2. mgr. 18. gr. félagslaga við samþykkt þeirra. Samkvæmt ákvæði þessu, sbr. 1. mgr. 18. gr. félagslaga, má á félagsfundi, þar sem mætt er fyrir a. m. k. $\frac{3}{4}$ atkvæða félagsmanna, með $\frac{3}{4}$ atkvæða fundarmanna samþykkja, svo bindandi sé fyrir alla félagsmenn, ákvæði um hagsmunamál félagsheildarinnar.

Fundurinn 4. mars 1970 uppfyllir ekki ofangreind skilyrði, og stefndi hefur ekki sýnt fram á, að lokamálgrein 12. greinar félagslaga eigi við um fundinn, sbr. framlagt fundarboð. Reglurnar um tilboð eru því ekki samþykktar með þeim hætti sem félagslög gera ráð fyrir. Þegar af þessari ástæðu verður að taka fyrri hluta kröfu stefnanda til greina og meta þar greind atriði óbindandi fyrir hann.

Eins og að ofan er rakið, voru reglurnar um tilboð óskuldbindandi fyrir stefnanda, þegar hann neitaði að fara eftir þeim og rökstyðja tilboð sitt í hús Sjálfsbjargar fyrir stjórn félagsins. Stefnandi var samkvæmt almennum reglum um tilboð bundinn við tilboð sitt gagnvart Sjálfsbjörg, og hefur stefndi ekki sýnt fram á, að aðrir tilboðsskilmálar hafi gilt. Stefnandi hefði þannig getað orðið skaðabótaskyldur gagnvart Sjálfsbjörg, ef hann hefði afturkallað tilboð sitt til þess að hlýðnast fyrirsmælum félagsins um samþykki þess á verktakaskiptum o. fl. Þetta sýnist einnig munu gilda, þótt reglurnar um tilboð hefðu verið samþykktar, svo bindandi hefði verið fyrir stefnanda. Almennast reglurnar einnig til þess fallnar að fækka tilboðum og draga úr samkeppni og þannig samkvæmt grunnreglum íslensks réttar ekki vera þess eðlis, að þær eigi að njóta sérstakrar verndar dómstólanna, án þess að sérstök afstaða sé tekin til efnis reglnanna. Í ljós þykir leitt, að stefnanda sé mikill akkur í þátttöku í félaginu, bæði veitir félagið ýmiss konar mikilvæga þjónustu, og svo sýnir tilvitnun í 1. mgr. 8. gr. kjarasamnings stefnda félags og Félags íslenskra rafvirkja í stefnu þeirri til Félagsdóms, sem áður er rakin, best, hvílik nauðsyn rafverktökum er að því að vera í félaginu, svo og tilvitnuð ákvæði 8. gr. laga Meistarasambands byggingamanna. Þegar þetta er virt, þykir brottvísun stefnanda úr stefnda félagi verða að styðjast við gild rök, og þegar það

er virt, sem hér að ofan er talið, þykir nokkuð á það skorta. Af þessu leiðir, að ógilda ber brottvísun stefnanda úr stefnda félagi á almennum fundi 29. apríl 1970.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 30.000.00 í málskostnað, er þá m. a. tekið tillit til þess, að flytja varð málið bæði um formhlið og efnishlið þess.

Dómari máls þessa var Hrafn Bragason.

Dómsorð:

Þau ákvæði í reglunum um tilboð í rafverk, sem samþykktar voru á félagsfundi stefnda 4. mars 1970, þess efnis, að félagsmanni sé skylt að leggja tilboðsgögn fyrir svokallaða viðmiðunarboðsnefnd, að færa rök fyrir tilboði sínu frammi fyrir stjórn félagsins, að greiða sektargjald til félagsins og að sæta öðrum viðurlögum vegna tilboða sinna í verk, eru dæmd ógild og óskuldbindandi fyrir stefnanda.

Enn fremur er viðurkennt, að brottvikning stefnanda úr stefnda félagi á fundi þess 29. apríl 1970 var ógild og hann sé löglegur félagsmaður, enda greiði hann áfallin félagsgjöld.

Stefndi, Félag íslenskra rafverktaka í Reykjavík, greiði stefnanda, Páli J. Pálssyni, kr. 30.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.